

## Brúarkvöld

### Óbyggðirnar kalla

Minjar um byggð finnast á hálendinu suður af Bárðardal, flestar í Krók-dal langt suður með Skjálfandafljóti. Rannsóknir sýna að þar hafi verið búseta á 10. öld.

Orri Vésteinsson fornleifafræðingur segir frá rannsóknum sem þar hafa verið gerðar og leiðir viðstadda um horfna byggð.

Fimmtudaginn 7. desember kl. 18:00 í Kiðagili Bárðardal

### Samgönguminjasafnið og Sverrir

Samgönguminjasafnið á Ystafelli er starfrækt af Sverri Ingólfssyni með góðri hjálp fjölskyldu, vina og velunnara. Sverrir er ekki síst þekktur fyrir gott viðmót og útsjónarsemi við uppgerð fornbíla. Árið 2016 vann Dagný Hulda Valbergadóttir mynd, um safnið og Sverri, sem var meistaraverkefni við hagnýta menningarmiðlun í HÍ. Á brúarkvöldi segir Dagný frá ferli myndarinnar, aðdraganda hennar og sínum kynnum af Sverri og safninu. Sverrir verður einnig á hliðarlínunni.

Fimmtudaginn 14. desember kl. 20:00 í Ljósvetningabúð

Brúarkvöld er röð samverustunda þar sem fræðimenn, nemar og heimamenn kynna störf sín s.s. rannsóknir, gagnaöflun og skrif og er vettvangur til að kynna ýmis verkefni sem unnin eru hér á svæðinu. Brúarkvöld eru styrkt af SSNE.



**Sjáumst sem flest!!!**



## Aðventukvöld í Þorgeirskirkju

Sameiginlegt aðventukvöld Háls-, Ljósavatns-og Lundarbrekkusókna verður í

Þorgeirskirkju næstkomandi laugardagskvöld, 9. des kl. 20:00.

Kirkjukórinn syngur aðventu- og jólatónlist.

Fermingarbörn verða með ljósahelgileik, almennur söngur.

Tónlistaratriði frá tónlistardeild Stórutjarnaskóla

Ræðumaður kvöldsins er Ólafur Arngrímsson

Verið öll velkomin.

Sóknarprestur

Ekki láta þetta fram hjá ykkur fara!

Tónasmiðjan  
kynnir

# JÓLIN

þín og mín...

Tónleikasýning Tónasmiðjunnar og gesta

verður haldin í Íþróttahöll Húsavíkur  
sunnudaginn 17. desember kl. 16:00

Þar munu hljóma falleg, vinsæl og sígild jólalög.  
Stór hljómsveit, bakraddahópur og einsöngvarar ásamt  
heiðursgestum spila og syngja inn jólin og  
koma þér í hátíðarskap á aðventunni.

Sérstakir gestir: Kirkjukór Húsavíkur og STEPS Dancecenter  
Heiðursgestir: Eyjólfur Kristjánsson og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir



Miðasala við innganginn aðeins 3900 krónur  
Ágóði af sýningunni mun renna til Velferðarsjóðs Þingeyinga



47.tbl.

6. des. 2023

30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Jólamarkaður í Vaglaskógi

*Hinn árlegi jólamarkaður verður í Vaglaskógi  
laugardaginn 9. desember frá kl. 13.-17.*

*Ýmiskonar handverk, matvara og fleira til sölu.*

*Einnig verður hægt að kaupa jólatré, greinar, arinvið og  
fleira úr Vaglaskógi.*

*Nemendur úr Stórutjarnaskóla verða með kaffisölu  
fyrir ferðasjóð sinn.*

*Sjáumst í jólaskapi í skóginum!*

*Skógræktin Vögnum.*





Þingeyjarsveit

## **Skipulagslýsing vegna skipulagsgerðar Laxárstöðva**

Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar samþykkti þann 15. nóvember 2023 afgreiðslu skipulagsnefndar um að kynna skuli skipulagslýsingu vegna deiliskipulagsgerðar Laxárstöðva í Aðaldal og Mývatnssveit í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tilgangur skipulagsins er að skilgreina lóðir þar sem þær eru ekki til fyrir og núverandi byggingar og byggingarreitir skilgreindir á lóðunum. Sett verða ákvæði hvað varðar viðbyggingar við núverandi hús eða endurbyggingar húsa ásamt öðrum þeim ákvæðum sem ástæða verður til að skilgreina í deiliskipulagi. Deiliskipulagið gerir ekki ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu.

Skipulagslýsingin verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) og á skrifstofu sveitarfélagsins. Skipulagslýsingin er auglýst með umsagnarfresti frá og með 28. nóvember til og með 19. desember 2023. Umsagnir við lýsinguna skulu berast í gegnum skipulagsgatt.is, númer 900/2023 eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins, Kjarni, 650 Laugar.

f.h. Þingeyjarsveitar  
Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi



## **Aðventukvöld í Einarstaðakirkju**

Aðventukvöld verður í Einarstaðakirkju næstkomandi sunnudagskvöld, 10. desember kl. 20:00.

Ljúp aðventu- og jólatónlist. Almennur söngur. Tónlistaratriði frá tónlistardeild Þingeyjarskóla.

Hugveku flytur Cornelia Susanne Þorsteinsson

Á eftir býður sóknarnefnd upp á léttar veitingar á Breiðumýri

Verið öll velkomin.  
Séra Þorgrímur.